

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík 1. október 2018
UST201808-120/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing- Aðalskipulag Langanesbyggðar -breyting - Þórshöfn

Vísað er til erindis Langanesbyggðar sem barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfi við Þórshöfn.

Í greinargerð kemur fram að breytingin í aðalskipulaginu felst í því að hesthúsasvæðið er fært nær byggðinni, þar sem er skipulagt íbúðasvæði C. Þá verður landnotkun svæðisins skilgreind með númerið Íþ1 sem íþróttasvæði.

Í greinargerð kemur einnig fram að helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru að skilgreina lóðir og byggingareiti fyrir hesthús, félagsaðstöðu og reiðskemmu, aðkomuvegi og bílastæði, æfingavöll og hestagerði.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur